

Samþykkt  
um meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

1. gr.

*Markmið og gildissvið.*

Markmið samþykktarinnar er að mynda jafnvægi á kostnaði og gjaldtöku við seyrulosun, meðhöndlun úrgangs ásamt því að draga úr myndun og urðun úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu eins og unnt er.

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs sem til fellur í Flóahreppi.

Tekið er mið af sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 á suðvesturhluta landsins.

2. gr.

*Skipulag og meðferð úrgangs.*

Hvert heimili í sveitarfélaginu fær afhentar þrjár tunnur fyrir úrgang:

1. Tunna fyrir óendurvinnanlegan heimilisúrgang (sorp) sem húseigandi kostar.
2. Græn tunna fyrir endurvinnanlegan úrgang.
3. Brún tunna fyrir lífrænan úrgang.

Hægt er að velja um þrjár gerðir íláta fyrir almennan heimilisúrgang (sorp), 240 ltr., 660 ltr. og 1.100 ltr. og fer gjald eftir stærð íláta.

Gámar fyrir almennan heimilisúrgang og endurvinnanlegan úrgang verða staðsettir á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Gámar fyrir timbur, járn og spilliefni verða staðsettir á gámasvæðum sveitarfélagsins.

Garðaúrgang ber að meðhöndla á upprunastað og jarðgera hann eða nýta til landgræðslu. Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins.

Sorphirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær óendurvinnanlegur heimilisúrgangur (sorp), lífrænn úrgangur, endurvinnanlegur úrgangur og rúlluplast er hirt frá heimilum og lögbýlum.

3. gr.

*Skyldur íbúa og landeigenda.*

Notendum þjónustunnar ber að fara eftir eftirfarandi reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

1. Setja skal allan úrgang í viðeigandi ílát að öðrum kosti er sorphirðuverktaka heimilt að skilja hann eftir.
2. Úrgang sem samþykktin nær til má einungis meðhöndla í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kröfur sveitarfélagsins.
3. Brennsla á úrgangi er óheimil. Undantekningar eru brennur tengdar hátíðahöldum hvers konar sem viðeigandi leyfi hafa fengist til.
4. Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum
5. Flokkaðan úrgang skal geyma þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist ekki, svo sem vegna vatns eða vinds.
6. Úrgang sem getur fokið skal geyma þannig að hann fjúki ekki.
7. Meðhöndlun á úrgangi má ekki valda lyktarópægindum, draga til sín meindýr eða valda hollustuháttarvandamáli.
8. Íbúar skulu sjá til þess að gott aðgengi sé að sorpílátum og moka snjó frá ílátum er þörf krefur.
9. Íbúar skulu þrifa sorpílát reglulega og halda þeim við.

4. gr.

*Reglubundin losun seyru.*

Reglubundin losun seyru verður í Flóahreppi. Losun seyru og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd þriðja hvert ár.

5. gr.

*Eftirlit.*

Sveitarfélagið ræður verktaka til að annast söfnun á úrgangi og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Hefur hann eftirlit með verkefninu ásamt sveitarfélaginu og Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

Sveitarfélagið ræður einnig verktaka til að losa seyru og skal hann hafa til þess tilskilin starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

6. gr.

*Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.*

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í samræmi við 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs, veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum og tengda starfsemi. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbyli, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og 33. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

8. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. mli. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 171/2007 um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Flóahreppi.

*Umhverfissráðuneytinu. 18. mars 2009*

F. h. r.

*Stemmu Flóahreppis*  
*Sigríður Samuelsen*